

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1987–2007.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Stokkseyrar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 10. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar frá 23. apríl 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun sunnanvert við Ásgautsstaðavatn breytist úr landbúnaðarsvæði í sumarbústaðasvæði.

Hreppsnefnd Stokkseyrar tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 18. júní 1992.

F. h. r.
Páll Línal.

Hrafn Hallgrímsson.

11. júní 1992

Nr. 242

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1987–2007.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Selfoss hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 1. apríl 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1987–2007 frá 29. ágúst 1988, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Landnotkun á vesturbakka Ölfusár breytist á þann veg að óbyggð svæði austan Hrefnutanga í landi Hellis verða sumarbústaðalóðir.

Bæjarstjórn Selfoss tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

11. júní 1992

Nr. 243

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Kópavogs hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 13. maí 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008 frá 23. apríl 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að svæði austan Kópavogsvallar í Kópavogsdal verður opið svæði til sérstakra nota (tennishús og tennisvellir), í stað opins svæðis. Jafnframt breytast göngutengsl lítillaga.